

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Bláskóga- byggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir eða breytingar á deiliskipulags- áætlunum:

1. *Tungur í landi Snorrastaða II í Laugardal, breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar.*
Breytingin felst í því að 3 frístundalóðir bætast við byggðina, hver 6500 m² að stærð.
2. *Grænahlið í landi Grafar í Laugardal. Deiliskipulag frístundabyggðar.*
Gert er ráð fyrir 11 frístundabústöðum ætluðum stéttarfélögum.
3. *Brattholt í Biskupstungum, breyting á deiliskipulagi.*
Breytingin felst í því að gert er ráð fyrir 2500 m² íbúðarhúslóð við Brattholtslæk og stækkar deiliskipulagssvæðið til suðurs sem lóðinni nemur.
4. *Reykholt í Biskupstungum, Lambadalur, deiliskipulag.*
Gert er ráð fyrir tveimur garðyrkjulóðum, Lambadal 10.800 m² og Lambamýri 13.500 m². Heimilt er að byggja gróðurhús o.þ.h. og eitt íbúðarhús innan byggingarreits.
5. *Reykholt í Biskupstungum, Friðheimar, deiliskipulag.*
Gert er ráð fyrir þremur garðyrkjulóðum Lyngbrún 1 42.300 m², Lyngbrún 2 10.000 m² og Lyngbrún 3 11.400 m². Heimilt er að byggja gróðurhús o.þ.h. og eitt íbúðarhús innan byggingarreits.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.
Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir og deiliskipulagsbreytingar öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 21. apríl 2004.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

Arinbjörn Vilhjálmsson.